# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 14 96. ár** **Miðvikudaginn 22. janúar 2003**

## Laus störf

*Vestmannaeyjar (lögreglumaður).*

Laus er til umsóknar tímabundin staða lögreglumanns hjá embætti sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Um er að ræða afleysingu vegna fæðingarorlofs o.fl. frá 1. febrúar 2003 til hausts 2003. Umsóknum skal skilað til sýslumannsins í Vestmannaeyjum, Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjum, en umsóknarfrestur rennur út þann 29. janúar 2003. Jóhannes Ólafsson yfirlögregluþjónn, veitir nánari upplýsingar um stöðuna.

*Ríkislögreglustjórinn (varðstjóri).*

Laus er til umsóknar staða lögreglumanns hjá embætti ríkislögreglustjórans með starfsheitið varðstjóri/rannsóknarlögreglumaður. Um er að ræða stöðu í umferðardeild. Starfsstöð umferðardeildar er nú hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi. Umsóknum skal skilað til ríkislögreglustjórans, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, en umsóknarfrestur rennur út þann 29. janúar 2003. Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn og Hjálmar Björgvinsson, aðalvarðstjóri, veita nánari upplýsingar um stöðuna.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setningu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislögreglustjóra eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum *„Eyðublöð“*.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 14. janúar 2003.
**Ríkislögreglustjórinn.**

(264

## Stefnur

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

*Stefndi:* Reynir Arngrímsson, kt. 150361-2309, með óþekkt heimilisfang í Noregi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 758.103, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 30.249

## Auglýsing
### um umferð í Stykkishólmi

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Stykkishólms, hefur verið ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á reglum um umferð í Stykkishólmi:

I. Biðskylda.
   a. Umferð um Nestún víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
   b. Umferð um Áskinn víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
   c. Umferð um Neskinn víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaður Snæfellinga, 8. janúar 2003.
**Ólafur K. Ólafsson.**

191)

## Auglýsing
### um tillögu að deiliskipulagi lands sunnan Vesturlandsvegar og vestan Kóngsvegar (Reykjavegar), í Mosfellsbæ

Á fundi bæjarráðs þann 9. janúar 2003 var samþykkt kynning á tillögu að deiliskipulagi lands sunnan Vesturlandsvegar og vestan Kóngsvegar (Reykjavegar), í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Vesturlandsvegi til norðurs, Kóngsvegi til austurs og Lágafelli til suðurs. Tillagan gerir ráð fyrir fimm athafnalóðum á deiliskipulagssvæðinu sem er um 6 ha. Nýtingarhlutfall lóðanna er frá 0,3-0,5. Hámarkshæð húsa er tvær til þrjár hæðir.

Tillagan ásamt greinargerð verður til sýnis á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar, Þverholti 2 í afgreiðslunni á fyrstu hæð, frá 22. janúar til 21. febrúar 2003. Einnig er hægt að kynna sér hana á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is.

Athugasemdir ef einhverjar eru, skulu hafa borist skipulagsnefnd Mosfellsbæjar fyrir 7. mars nk.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Mosfellsbæ, 13. janúar 2003.
**Bæjarverkfræðingurinn í Mosfellsbæ.**

215)

## Auglýsing
### um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ

*Deiliskipulag Sætúns og Túngötu, Suðureyri.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst til kynningar á ný tillaga að deiliskipulagi Sætúns og Túngötu, með breytingu frá eldri tillögu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 5. desember 2002.

Helstu breytingar frá fyrri tillögu eru að Sætún og Túngata verða tvístefnuakstursgötur.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu á Ísafirði og Suðureyri frá 16. janúar til og með 14. febrúar 2003. Skriflegum athugasemdum við tillöguna skal komið á framfæri við undirritaðan fyrir 28. febrúar nk. sem veitir jafnframt allar nánari upplýsingar.

*Breyting á deiliskipulagi íþróttasvæðis á Torfnesi, Ísafirði.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst til kynningar tillaga að breyttu deiliskipulagi íþróttasvæðisins á Torfnesi. Tillagan var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 20. september 2002.

Helstu breytingar frá eldra deiliskipulagi eru að fyrirkomulag bílastæða breytist, íþróttahús er innan deiliskipulagsins og byggingarreitur fyrir sundlaug við íþróttahúsið er afmarkaður.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu á Ísafirði frá 16. janúar til og með 14. febrúar 2003. Skriflegum athugasemdum við tillöguna skal komið á framfæri við undirritaðan fyrir 28. febrúar nk. sem veitir jafnframt allar nánari upplýsingar.

Ísafjarðarbæ, janúar 2003.
**Skipulags- og byggingarfulltrúi.**

227)

# Auglýsing

## frá Verðbréfaskráningu Íslands

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Húsasmiðjunnar hf. og eftirfarandi uppsögn á samningi félagsins um rafræna skráningu hluta í Húsasmiðjunni hf. tilkynnist hér með að skv. 47. gr. reglugerðar, nr. 397/2000, sbr. 27. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, verður rafrænni skráningu á hlutum í félaginu hætt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. og réttindi afmáð þann 21. febrúar 2003. Frá og með þeim tíma njóta framangreind rafbréf ekki lengur réttarverndar skv. 16. gr. laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutabréf og réttindi yfir þeim verða afhent á skrifstofu félagsins dagana 24. til 28. febrúar nk. Ósótt áþreifanleg hlutabréf verða send í ábyrgðarpósti til skráðra rétthafa þann 1. mars 2003.

Reykjavík, 13. janúar 2003.
F.h. Verðbréfaskráningar Íslands hf.,
**Einar Baldvin Stefánsson.**

216)

# Auglýsing

## um tillögu að aðalskipulagi Búðahrepps 2002–2022

Sveitarstjórn Búðahrepps auglýsir tillögu að aðalskipulagi Búðahrepps 2002 - 2022 samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagstillagan er heildarendurskoðun á gildandi aðalskipulagi Búðahrepps 1980 – 2000 og nær til alls sveitarfélagsins.

Skipulagstillagan ásamt fylgiskjölum er til sýnis í ráðhúsi Búðahrepps, Hafnargötu 12 á Fáskrúðsfirði og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 155 í Reykjavík.

Einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu Búðahrepps. Slóðin er http://www.faskrudsfjordur.is

Skipulagstillagan liggur frammi til kynningar frá 22. janúar til 19. febrúar 2003. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugasemdir við hana. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 5. mars 2003.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Búðahrepps, Hafnargötu 12. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Sveitarstjóri Búðahrepps.**

236)

# Auglýsing

## um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018

*Hólshús í Eyjafjarðarsveit, íbúðarsvæði.*

Með vísan til 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsir sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hér með breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018. Breytingin felst í því að 28.9 ha svæði úr jörðinni Hólshúsum verður íbúðarsvæði í stað landbúnaðar. Sveitarstjórn mun taka að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Tillagan hefur verið send til kynningar þeim sveitarstjórnum, sem aðild eiga að svæðisskipulaginu. Tillagan mun einnig send Skipulagsstofnun, sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag sama svæðis hefur áður verið auglýst. Nánari upplýsingar eru fyrirliggjandi á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar að Syðra-Laugalandi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar,
**Bjarni Kristjánsson** sveitarstjóri.

238)

# Nauðungarsölur

## Borgarnes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjarnarbraut 2, Borgarnesi, fimmtudaginn 20. febrúar 2003 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Frístundahús að Oddstöðum í Borgarfjarðarsveit 30) | Olgeir Helgi Ragnarsson | Gunnar Eggertsson hf. | 277.342 |
| Hl. Brákarbrautar 18-20 31) | GH verkstæði ehf. | Lífeyrissjóður Vesturlands | 297.314 |
| Höfn 2, Leirár- og Melahreppi 32) | Ásta Margrét Ey Arnardóttir | Tal hf. | 210.234 |

Borgarnesi, 31. desember 2002.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi,
**Stefán Skarphéðinsson**.

frá 1. júní 2000 til 1. júlí 2000, af kr. 60.520 frá 1. júlí 2000 til 1. ágúst 2000, af kr. 91.935 frá 1. ágúst 2000 til 1. september 2000, af kr. 123.429 frá 1. september 2000 til 18. september 2000, af kr. 129.334 frá 18. september 2000 til 1. október 2000, af kr. 163.590 frá 1. október 2000 til 1. nóvember 2000, af kr. 197.064 frá 1. nóvember 2000 til 1. desember 2000, af kr. 231.404 frá 1. desember 2000 til 1. janúar 2001, af kr. 264.733 frá 1. janúar 2001 til 1. febrúar 2001, af kr. 296.900 frá 1. febrúar 2001 til 16. febrúar 2001, af kr. 338.188 frá 16. febrúar 2001 til 1. mars 2001, af kr. 371.395 frá 1. mars 2001 til 1. apríl 2001, af kr. 403.201 frá 1. apríl 2001 til 1. maí 2001, af kr. 438.440 frá 1. maí 2001 til 1. júní 2001, af kr. 474.428 frá 1. júní 2001 til 12. júní 2001, af kr. 518.226 frá 12. júní 2001 til 1. júlí 2001, af kr. 556.083 frá 1. júlí 2001 til 1. ágúst 2001, af kr. 590.761 frá 1. ágúst 2001 til 1. september 2001, af kr. 624.911 frá 1. september 2001 til 1. október 2001, af kr. 662.514 frá 1. október 2001 til 1. nóvember 2001, af kr. 699.896 frá 1. nóvember 2001 til 10. maí 2002, af kr. 747.792 frá 10. maí 2002 til 12. september 2002, af kr. 758.103 frá 12. september 2002 til greiðsludags.

Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 29. janúar 2001 að fjárhæð kr. 170.000; 29. janúar 2001 að fjárhæð kr. 100.000 og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuld þessi er tilkomin vegna kaupleigusamnings nr. 603256-003 dags. 8. júní 1998 á milli Glitnis hf., sem leigusala, og ICEMAC fiskvinnsluvéla hf., kt. 510992-2029, sem leigutaka en skv. þeim samningi leigir leigusali leigutaka 40 feta frystigám og frystigrindur m/merki Poul Pedersen. Skyldi samningurinn greiðast með 60 mánaðarlegum leigugreiðslum er skyldu greiðast 1. hvers mánaðar, í fyrsta sinn þann 1. september 1998 og áfram sem hér segir:

JPY 41.866,08 þá að jafnvirði í ísl. kr. 21.133,99.

Í 3. mgr. 2. gr. skilmála samningsins segir að þegar leigugjaldið sé gengistryggt miðað við breytingar sem verða á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart ísl. krónu beri leigutaka að greiða leigusala á hverjum gjalddaga jafnvirði hinna erlendu gjaldmiðla miðað við sölugengi þeirra gagnvart ísl. krónu skv. gengisskráningu Íslandsbanka hf. og beri að miða við sölugengi Íslandsbanka hf. á viðkomandi gjaldmiðlum á útgáfudegi hvers leigureiknings. Stofngjald að fjárhæð kr. 3.500 og vextir frá útborgunardegi skyldu greiðast með fyrsta reikningi febrúar 2002.

Stefndi Reynir Arngrímsson tókst á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum skv. samningnum dags. 8. júní 1998.

Reikningur með gjalddaga 16. febrúar 2001 að fjárhæð kr. 41.288 er vegna trygginga frá VÍS auk gjalda, reikningur með gjalddaga 12. júní 2001 að fjárhæð kr. 43.798 er vegna trygginga frá VÍS auk gjalda, reikningur með gjalddaga 10. maí 2002 að fjárhæð kr. 47.696 er vegna trygginga frá VÍS auk gjalda og reikningur með gjalddaga 12. september 2002 að fjárhæð kr. 10.311 er vegna trygginga frá VÍS auk gjalda.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Gjaldþrotaskiptum á Icemac lauk þann 15. febrúar 2002

Stefndi er með lögheimili í Noregi. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á tilgreindum kaupleigusamningi aðilanna og þeirri grundvallarreglu kröfu- og samningsréttarins að samninga beri að halda.

Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til A liðar 1. mgr. 89. laga nr. 91/1991.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur. Því ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Kaupleigusamning nr. 603256-003.
2. Yfirlit yfir leigugreiðslur.
3. Reikning með gjaldd. 16. febrúar 2001, ljósrit.
4. Reikning með gjaldd. 12. júní 2001, ljósrit.
5. Reikning með gjaldd. 10. maí 2002, ljósrit.
6. Reikning með gjaldd. 12. september 2002, ljósrit.
7. Innheimtubréf dags. 28. september 2000.
8. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 27. febrúar 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 6. janúar 2003.
F.h. stefnanda,
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** hdl.

(137

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

*Stefndi:* Reynir Arngrímsson, kt. 150361-2309, með óþekkt heimilisfang í Noregi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.047.944 og bankakostnað, kr. 5.875, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 3. júlí 2000 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að upphæð kr. 1.269.539.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuld þessi er tilkomin vegna skuldabréfs nr. 605669, sem Impex ehf., kt. 510996-2409, tók hjá stefnanda þann 28. október 1997. Skuldabréfið var að fjárhæð 3.175.667 kr. með veði í bifreiðinni LO-757, Cherokee Limited, árgerð 1996. Skuldabréfið var yfirtekið af öðrum aðila þann 10. mars 1998, aftur þann 24. júlí 1998 og þann 24. september 1998. Þann 29. apríl 1999 var skuldabréfið yfirtekið af Icemac fiskvinnsluvélum ehf., kt. 510992-2029. Skuldabréfið er í vanskilum frá 3. júlí 2000. Bifreiðin LO-757 var seld nauðungnarsölu þann 4. nóvember 2000 og greiddust 1.269.539 kr. upp í kröfuna.

Stefndi Reynir Arngrímsson tókst á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum skv. yfirlýsingu dags. 29. apríl 1999.

Reikningur með gjalddaga 18. september 2000 að fjárhæð kr. 73.008 er vegna trygginga hjá VÍS auk gjalda.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Gjaldþrotaskiptum á Icemac lauk þann 15. febrúar 2002.

Stefndi er með lögheimili í Noregi. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til A liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Skuldabréf nr. 605669.
2. Yfirlýsingu dags. 10. mars 1998
3. Yfirlýsingu dags. 24. júlí 1998.
4. Yfirlýsingu dags. 29. september 1998.
5. Yfirlýsingu dags. 29. apríl 1999.
6. Reikning með gjalddaga 18. september 2000, ljósrit.
7. Innheimtubréf dags. 28. september 2000.
8. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 27. febrúar 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 6. janúar 2003.
F.h. stefnanda,
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** hdl.

(138

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

*Stefndi:* Reynir Arngrímsson, kt. 150361-2309, með óþekkt heimilisfang í Noregi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 841.475, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 15. júlí 2000 til greiðsludags.

Inn á skuldina hefur verið greidd þessi innborgun: þann 14. febrúar 2001 að fjárhæð kr. 438.720, og dregst hún frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuld þessi er tilkomin vegna skuldabréfs nr. 603256-11643, sem Icemac fiskvinnsluvélar ehf., kt. 510992-2029, tók hjá stefnanda þann 10. mars 1999. Skuldabréfið var að fjárhæð 1.209.590 kr. með veði í bifreiðinni RL-884, Peugeot 206 XR Présence, árgerð 1999. Skuldabréfið er í vanskilum frá 15. júlí 2000. Bifreiðin RL-884 var seld nauðungarsölu þann 20. janúar 2001 og greiddust 438.720 kr. upp í kröfuna.

Stefndi Reynir Arngrímsson tókst á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum skv. skuldabréfinu dags. 10. mars 1999.

Reikningur með gjalddaga 2. febrúar 2001 að fjárhæð kr. 66.502 er vegna trygginga hjá VÍS auk gjalda.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Gjaldþrotaskiptum á Icemac lauk þann 15. febrúar 2002

Stefndi er með lögheimili í Noregi. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til A liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Skuldabréf nr. 603256-11643.
2. Reikning með gjalddaga 2. febrúar 2001, ljósrit.
3. Innheimtubréf dags. 29. september 2000.
4. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 27. febrúar 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 6. janúar 2003.
F.h. stefnanda,
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** hdl.

(139

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

*Stefndi:* Reynir Arngrímsson, kt. 150361-2309, með óþekkt heimilisfang í Noregi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Sveinbjörn Sveinbjörnsson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 628.178, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, frá 15. júlí 2000 til greiðsludags.

Inn á skuldina hefur verið greidd þessi innborgun: þann 14. febrúar 2001 að fjárhæð kr. 356.952, og dregst hún frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur er lagður fram í málinu. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuld þessi er tilkomin vegna skuldabréfs nr. 603256-11645, sem Icemac fiskvinnsluvélar ehf., kt. 510992-2029, tók hjá stefnanda þann 10. mars 1999. Skuldabréfið var að fjárhæð 902.983 kr. með veði í bifreiðinni SB-529, Peugeot Partner, árgerð 1999. Skuldabréfið er í vanskilum frá 15. júlí 2000. Bifreiðin SB-529 var seld nauðungarsölu þann 20. janúar 2001 og greiddust 356.952 kr. upp í kröfuna.

Stefndi Reynir Arngrímsson tókst á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum skv. skuldabréfinu dags. 10. mars 1999.

Reikningur með gjalddaga 2. febrúar 2001 að fjárhæð kr. 88.177 er vegna trygginga hjá VÍS auk gjalda.

Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Gjaldþrotaskiptum á Icemac lauk þann 15. febrúar 2002

Stefndi er með lögheimili í Noregi. Er stefnanda því óhjákvæmilegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til A liðar 1. mgr. 89. laga nr. 91/1991.

Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig er vísað til vanefndaákvæða bréfsins sjálfs. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Skuldabréf nr. 603256-11645.
2. Reikning með gjalddaga 2. febrúar 2001, ljósrit.
3. Innheimtubréf dags. 29. september 2000.
4. Eintak Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtis í.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 27. febrúar 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Kópavogi, 6. janúar 2003.
F.h. stefnanda,
**Sveinbjörn Sveinbjörnsson** hdl.

(140

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Una Þóra Magnúsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, að hún þurfi f.h. Íbúðalánasjóðs, kt. 661198-3629, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á fasteignaveðbréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að upphaflegri fjárhæð kr. 300.000 gefið út af Örlygi H. Bjarnasyni, kt. 171160-3759 til Byggingarsjóðs ríkisins, kt. 460169-2409.

*Fyrirsvar:* Una Þóra Magnúsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Veðskuldabréf það, sem krafist er ógildingar á, var að fjárhæð kr. 300.000 gefið út hinn 29. maí 1986 af Örlygi H. Bjarnasyni til Byggingarsjóðs ríksins. Bréfið er einnig undirritað af Sigurbjörgu Stefánsdóttur. Veðskuldabréfið er nr. 192252 og hvílir á 2. veðrétti fasteignarinnar Ásgarður 113, Reykjavík. Fmr. 203-6248. Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík (þá borgarfógetaembættið) hinn 10. júní 1986 og innfært hinn 23. júní 1986. Lán skv. veðskuldabréfinu er jafngreiðslulán, sem á að endurgreiðast á 31 ári með fjórum gjalddögum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Fyrsti gjalddagi vaxta og verðbóta var 1. nóvember 1986. Bréfið er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 1432 og launavísitala til greiðslujöfnunar er við útgáfu veðskuldabréfs 1215 (skráð á bréf 1.215). Skuldin ber breytilega vexti, í upphafi 3,5%. Núverandi skuldari á bréfinu er Stefán Ákason, kt. 071270-3789.

Hinn 1. janúar 1999 tóku gildi lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, en við það tók Íbúðalánasjóður við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríksisins, sbr. 6. mgr., 52. gr. laganna, og er sjóðurinn af þeim sökum stefnandi í málinu.

Stefnandi kveður hið umstefnda veðskuldabréf glatað og finnist það ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti neytt réttar, skv. því.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn.

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit af fasteignaveðbréfi því, sem stefnt er út af.
5. Veðbókarvottorð (þinglýsingarvottorð).

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint fasteignaveðbréf undir höndum, og telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þriðjudaginn 25. febrúar 2003, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar að að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er ákveðinn 1 mánuður.

Reykjavík, 10. janúar 2003.
**Friðgeir Björnsson**.

(169

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Una Þóra Magnúsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, að hún þurfi f.h. Íbúðalánasjóðs, kt. 661198-3629, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að upphaflegri fjárhæð kr. 3.500.100 gefið út af Guðlaugu Jónsdóttur, kt. 310757-2849 til Byggingarsjóðs verkamanna, kt. 460169-2329.

*Fyrirsvar:* Una Þóra Magnúsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Veðskuldabréf það, sem krafist er ógildingar á, var að fjárhæð kr. 3.500.100 gefið út hinn 29. júlí 1996 til Byggingarsjóðs verkamanna af Gróu Björgu Jónsdóttur f.h. Guðlaugar Jónsdóttur samkv. umboði. Veðskuldabréfið er nr. 014277 og hvílir á 1. veðrétti fasteignarinnar Suðurhólar 22, 0304, Reykjavík og var upphaflega samhliða skuldabréfi að fjárhæð kr. 294.675,70, vísitala 176,7. Fmr. 205-0927. Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík hinn 31. júlí 1996 og innfært hinn 21. ágúst 1996. Lán skv. veðskuldabréfinu er jafngreiðslulán, sem á að endurgreiðast á 43 árum með 12 gjalddögum á ári, 1. hvers mánaðar. Fyrsti gjalddagi vaxta og verðbóta var 1. október 1996, fyrsti gjalddagi fullrar greiðslu 1. október 1999. Bréfið er verðtryggt skv. neysluvísitölu með grunnvísitölu 176,7 og launavísitala til greiðslujöfnunar er við útgáfu veðskuldabréfs 3230. Skuldin ber breytilega vexti, í upphafi 2,4%.

Hinn 1. janúar 1999 tóku gildi lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, en við það tók Íbúðalánasjóður við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. 6. mgr., 52. gr. laganna, og er sjóðurinn af þeim sökum stefnandi í málinu.

Stefnandi kveður hið umstefnda veðskuldabréf glatað og finnist það ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti neytt réttar, skv. því.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn.

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit af fasteignaveðbréfi því, sem stefnt er út af.
5. Veðbókarvottorð (þinglýsingarvottorð).

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint fasteignaveðbréf undir höndum, og telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þriðjudaginn 25. febrúar 2003, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar að að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er ákveðinn 1 mánuður.

Reykjavík, 10. janúar 2003.
**Friðgeir Björnsson**.

(170

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Una Þóra Magnúsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, að

hún þurfi f.h. Íbúðalánasjóðs, kt. 661198-3629, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að upphaflegri fjárhæð kr. 6.010.200 gefið út af Þórunni Björgu Baldursdóttur, kt. 260262-7269 og Magnúsi Óskarssyni, kt. 060461-3099 til Byggingarsjóðs verkamanna, kt. 460169-2329.

*Fyrirsvar:* Una Þóra Magnúsdóttir hdl., Borgartúni 21, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Veðskuldabréf það, sem krafist er ógildingar á, var að fjárhæð kr. 6.010.200 gefið út hinn 21. október 1994 af Þórunni Björgu Baldursdóttur og Magnúsi Óskarssyni til Byggingarsjóðs verkamanna. Veðskuldabréfið er nr. 304776 og hvílir á 1. veðrétti fasteignarinnar Seilugranda 2, 0104, Reykjavík. Fmr. 202-3857. Veðskuldabréfið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Reykjavík hinn 26. október 1994 og innfært hinn 27. október 1994. Lán skv. veðskuldabréfinu er jafngreiðslulán, sem á að endurgreiðast á 43 árum með 4 gjalddögum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Fyrsti gjalddagi vaxta og verðbóta var 1. febrúar 1995. Bréfið er verðtryggt skv. lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 3378 og launavísitala til greiðslujöfnunar er við útgáfu veðskuldabréfs var 2914. Skuldin ber breytilega vexti, í upphafi 2,4%.

Hinn 1. janúar 1999 tóku gildi lög um húsnæðismál, nr. 44/1998, en við það tók Íbúðalánasjóður við réttindum og skyldum Húsnæðisstofnunar ríksisins, sbr. 6. mgr., 52. gr. laganna, og er sjóðurinn af þeim sökum stefnandi í málinu.

Stefnandi kveður hið umstefnda veðskuldabréf glatað og finnist það ekki, þrátt fyrir ítrekaða leit. Honum sé því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu, svo hann geti neytt réttar, skv. því.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn.

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það, sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit af fasteignaveðbréfi því, sem stefnt er út af.
5. Veðbókarvottorð (þinglýsingarvottorð).

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint fasteignaveðbréf undir höndum, og telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík þriðjudaginn 25. febrúar 2003, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar að að sanna rétt sinn til skuldabréfsins, þar sem ella má búast við því að ógildingardómur gangi í málinu í samræmi við kröfur stefnanda.

